

Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

APRÍL 2015



4. tbl. 18. árg.

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi

Slökkvitækjaþjónustan
564 1433
Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur
Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leiðið tilboða!

Í ALFARALEIÐ
Aðalskoðun
Reykjavík Skeifunni 5 Sími 590 6930

- bls. 6
Græna skrefið
hjá Vesturgarði

- bls. 10
Doktorsnám
í Tónlist

Mikil uppbygging í Vesturbænum á næstunni

... stærsta hagvaxtarsvæðið er í Reykjavík, segir borgarstjóri

Fimm stjörnu hótél á Hörpureitnum, allt að 21.400 fermetra íbúða og skrifstofuhúsnæði austan Tollstöðvarinnar, uppbygging við Vesturbugt, á Héðinsreit og gamla SÍF reitnum við Eiðsgranda að ógleymdu þekkingarþorpi í Vatnsmýrinni eru á meðal þess sem rísa mun í og við Vesturbæinn á næstunni. Þetta kom m.a. fram á opnum morgunfundi Dags B. Eggertssonar sem efnt var til í Tjarnardal Ráðhúss Reykjavíkur fyrir skömmu.

Framkvæmdirnar í og við Vesturbæinn eru annars bara brot af þeim framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru í Reykjavík á næstunni. Dagur fór yfir hinar ýmsu fyrirætlanir á fundinum og sagði að Reykjavík væri stærsta hagvaxtarsvæði á landinu. Framundan væri mikil fjárfesting, bæði erlend og innlend er í Reykjavík „Á þessum fundi er ætlunin að borgarbúar, fagaðilar og aðrir fái yfirsýn yfir það sem fram undan er í fjárfestingu í borginni,“ sagði borgarstjóri sem fór vítt og breitt yfir svið framkvæmda og uppbyggingar í borginni með vandaðri glærusýningu. Dagur hóf mál sitt á því að fara yfir ferðamannaíðnaðinn og hótelluppbyggingu í Reykjavík en á þessu ári er áætlað að um 800 hótellherbergi verði tekin í notkun í Reykjavík. Þá tilkynnti hann um nýtt fimm stjörnu



Frá morgunfundi borgarstjóra. Á meðal þeirra sem sjá má á myndinni eru borgarfulltrúarnir Elsa Hrafnhildur Yoeman og Sóley Tómasdóttir.

hótél sem samningar hafa tekist um á Hörpureitnum en framkvæmdir við það hefjast í haust. Borgarstjóri fór yfir uppbyggingaráform Landspítalans og þekkingarþorp í Vatnsmýrinni, samstarf háskólanna og Reykjavíkurborgar um víðtæka uppbyggingu háskólanna, þekkingarfyrirtækja og samtaka stúdenta. Hann lýsti einnig áformum um uppbyggingu á vegum borgarinnar, einkaaðila og fleiri á nýjum uppbyggingarreitum í Vesturbugt, Kirkjusandi og við Hlemm. Að lokum fór

Dagur yfir fjárfestingar á vegum borgarinnar en þær verða miklar eins og undanfarin ár eða um 8,5 milljarðar króna.

Þá hefur einnig komið fram að um 24% fjárfestinga Reykjavíkurborgar eru grænar. Það kemur fram í skýrslu starfshóps um grænt hagkerfi í Reykjavík var kynnt á síðasta fundi borgarráðs. Í henni kemur fram að flokka má 24% af fjárfestingum borgarinnar sem grænar og að um 2,5% af öllu vinnuafli á höfuðborgarsvæðinu sé í grænum atvinnugreinum.



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Sumartilboð!

Lambafilé með fiturönd kr 3989 kg
Lamba Prime-rib kr 3298 kg
Svínahnakki kr 1498 kg

Melabúðin
þín verslun



Sími 551-0224



Ísfugls kjúklingabringur
20% afsláttur

Tilboð gilda frá miðvikudegi til sunnudags
22. - 26. apríl - meðan birgðir endast...



Jarðarber
kr 298 askjan

Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 170 Seltjarnarnes • Pósthólf 172

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

4. tbl. 18. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107 og 101.

S T U T T A R

B O R G A R F R É T T I R

Fleiri taka þátt í skipulögðu frístundastarfi

Þátttaka í skipulögðu frístundastarfi barna og ungmenna hefur aukist jafnt og þétt á undanförunum árum í Reykjavík. Skráning í starfsemi íþrótta- og tómsundafélaga í borginni og nýting Frístundakortsins á árunum 2007-2014 sýnir þessa þróun glögglega. Þetta má m.a. lesa úr frístundakortsgrunni Rafrænnar Reykjavíkur en þar vistast öll skráning í starfsemi félaganna sem aðild eiga að Frístundakortinu. Íþrótta- og tómsundasvið borgarinnar sér um Frístundakortid og birtir reglulega yfirlit yfir þátttöku í starfsemi félaganna. Um 200 félög eiga nú aðild að Frístundakortinu. Nær níu af hverjum tíu börnum og unglingum á aldrinum 6-18 ára voru á liðnu ári skráð í starfsemi á vegum félaganna og nýttu til þess Frístundakortid. Þá er almennt mikil þátttaka í gjaldfrjálsa starfsemi á vegum frístundamiðstöðva borgarinnar og Hins Hússins. Stuðningur borgarinnar við íþrótta- og tómsundastarf og aðgerðir til að auka jöfnuð virðist því hafa skilað góðum árangri. Frístundakortid er liður í því en sá styrkur var hækkaður um síðustu áramót og er nú 35.000 krónur á hvert barn.



Villt þú koma fram á fjölmenningsdeginum?

Fjölmenningsdagur Reykjavíkur verður haldinn hátíðlegur laugardaginn 9. maí. Verið er að leita að allskonar listrænu fólki til að taka þátt í dagskrá í Tjarnarbíói á milli 14.30 og 17.00. Einungis stutt atriði koma til greina – á bilinu tvær til tíu mínútur að lengd. Atriðið má vera danssýning, stutt leikrit, ljóð, uppistand eða eitthvað

annað skemmtilegt sem fólk dettur í hug. Allir sem hafa áhuga á að taka þátt í þessum viðburði eru hvattir til að fylla út skráningareyðublað og ef einhverjar spurningar eða ábendingar vakna er fólk beðið um að hafa samband í síma 411 4159 (Adda) 411 4163 (Mía) eða sendið tölvupóst á netfangið fjolmenningardagur@reykjavik.is



Léttlest og hraðvagnar

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Vega-gerðin skrifuðu nýlega undir samkomulag um nánara samstarf en áður um þróun samgöngukerfa á höfuðborgarsvæðinu. Með samkomulaginu eru hraðvagnar og léttlestir komnar á dagskrá, að því er segir í vikulegum pósti Dags B. Eggertssonar, borgarstjóra Reykjavíkur.



Hátíðafundur kvenna í borgarstjórn

Hátíðafundur kvenna var haldinn í borgarstjórn 31. mars sl. Fundurinn er hluti af hátíðahöldum Reykjavíkurborgar vegna 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna á þessu ári. Þessi dagsetning varð fyrir valinu vegna þess að 31. mars árið 1863 kaus fyrsta konan til sveitarstjórnar á Íslandi. Hún hét Vilhelmina Lever og kaus til bæjarstjórnar á Akureyri.

Hátíðafundurinn sátu 15 efstu konur í borgarstjórn, auk borgarritara sem var staðgengill borgarstjóra við þetta tilefni. Á dagskrá fundarins voru þrjár tillögur: Tillaga um að haldin verði afrekaýning kvenna á Íslandi í Ráðhúsi Reykjavíkur. Tillaga um að fela forsætisnefnd að hefja undirbúning að stofnun

ofbeldisvarnarnefndar á vegum mannréttindaráðs og tillaga um að halda málþing um þátttöku og áhrif kvenna í stjórnámum á afmælisdegi Ingibjargar H. Bjarnason. Reykjavíkurborg mun standa fyrir 100 viðburðum, smáum og stórum, í tilefni þess að öld er liðin frá því að konur, 40 ára og eldri, fengu kosningarétt og kjörgengi til Alþingis. Með hátíðahöldunum verður minnst þess árangurs sem náðst hefur í kvenréttindabaráttunni og hvatt til jafnréttis kynja á öllum sviðum. Myndin sýnir hvar konur efndu til hátíðargöngu í tilefni fengins kosningaréttar og gengu fylktu liði spariklæddar á Austurvelli þann 7. júlí 1915.

Tvítyngdir farkennarar sjái um móðurmálskennslu

Tveir tvítyngdir farkennarar verða ráðnir til að styðja við nemendur með annað móðurmál en íslensku í reykvískum grunnskólum. Það er liður í tilraunaverkefni til tveggja ára sem miðar að því að styrkja námsstöðu þeirra nemenda sem ekki hafa náð fullum tókum á íslensku. Skóla- og frístundaráð samþykkti á fundi sínum í dag tillögur starfshóps um þetta tilraunaverkefni sem fer af stað næsta haust. Hlutverk kennaranna verður annars vegar að kenna móðurmál nemendanna og hins vegar að vinna sem tvítyngdir fagkennarar.



Nagladekkjum fækkar

Hlutfall nagladekkja á bílum á götum Reykjavíkurborgar reyndist vera 34% þegar taling var gerð miðvikudaginn 3. mars 2015 sem er ívið hærra tala en í fyrra en þá reyndust 28% ökutækja á negldum dekkjum. Í mars 2013 voru 35% bifreiða á negldum dekkjum og 36% árið 2012. Borgaryfirvöld telja að nagladekk séu óþörf á götum borgarinnar enda eyða þau þeim margfalt hraðar en önnur dekk og eiga hlut í svifryks- og hávaðamengun.

Er verið að vísa fólki úr landi ?

Foreldrar ungrar stúlku sem búa í Vesturbænum í Reykjavík greiða um 65 þúsund krónur á mánuði til dagmömmu fyrir barnið sem nálgast tveggja ára aldur. Á næsta hausti mun hún fá pláss í leikskóla en um svipað leyti eiga þessir foreldrar von á öðru barni. Þegar fæðingarorlofi lýkur munu þau á ný þurfa að leita til dagmömmu auk sem greiða þarf leikskólagjöld vegna eldri stúlkunnar. Beinn kostnaður hjónanna vegna barnagæslu verður þá kominn yfir hundrað þúsund krónur á mánuði. Þá er eftir að greiða annan heimiliskostnað; mat klæði og kostnað við húsnæði hvort sem það er húsaleiga eða afborganir af lánum teknum til húsnæðiskaupa. Einnig er líklegt að þau þurfi að greiða af námslánunum. Að líkindum eiga þau bíl og þótt þau kunni að nota hann takmarkað og ferðast að einhverju leyti með Strætó kostar hann talsverða fjármuni jafnvel heima í stæði.

Á sama tíma eru hafin átök um kaup fólks og kjör meiri en lengi hafa sést hér á landi þar sem ríki, sveitarfélög og samtök vinnumarkaðarins streitast fast á móti þeirri kröfu að lágmarkslaun verði allt að 300 þúsund krónum á næstu þremur árum. Lágmarkslaun í dag losa liðlega 200 þúsund og þótt margir búi ekki við þau skilyrði að njóta lágmarkskjara er ljóst að laun fjölda fólks ná engum viðmiðum um kostnað við að eiga sér heimili. Rök gegn launahækkunum eru einkum þau að hinn gamli óvinur í líki óðaverðbólgu vakni á ný og brjótist úr hýði sínu. Vissulega hræða þau spor og einnig sú slóð að lækkun lægstu launa gangi í hlutfalli upp allan launaskalann og hæstu laun hækki mest.

Allt eru þetta áhyggjuefni sem finna þarf vilja til þess að leysa en einnig er áhyggjuefni að ungt og kraftmikið fólk með lífið í fangið geti ekki lifað í landinu og verði að leita sér lífsviðurværis með búsetu í öðrum löndum. Fari fram sem horfir og finnst ekki lausn á kjaramálum landsmanna sem tryggir möguleika til þess að lifa í landinu munu fleiri og fleiri fara að dæmi foreldranna í Vesturbænum sem nú hafa ákveðið að flytja til Noregs á haustnóttum. Sú kjarastefna sem ríkir hér á landi jafngildir í raun brottvísun úr landinu. Von er að spurt sé.



rafmagn@mi.is

Geri við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

Sævar

Bíla- og bátarafmagn

Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi


HÚSAVIÐGERÐIR.IS

Vesturbæingar



Er Reykjavík orðið ríki í ríkinu?

Rúnstykki

á 80 krónur

Alla daga!



Opið virka daga frá 07:30 til 18:00
og um helgar frá 08:00 til 17:00

Bernhöftsbakarí ehf. | Bergstaðarstræti 13 | Sími: 551-3083

Hér þarf að vera eitthvað fyrir alla

... Sigprúður Erla Arnardóttir, framkvæmdastjóri Vesturgarðs, Guðbjörg Theresía Einarisdóttir, teymisstjóri á Aflagranda og Hörður Heiðar Guðbjörnsson verkefnastjóri í Vesturgarði spjalla um félagsstarfið í Vesturbænum.

„Eitthvað fyrir alla konur og kalla krakka með hár og kalla með skalla Eitthvað fyrir krakka káta krakkalakka sem kostar ekki neitt þú krækir bara í pakka eða fyndinn frakka eða feitan takka“

Þetta er hluti texta við lagið Eniga meniga sem Ólafur Haukur Símonarson gerði fyrir áratugum og Olga Guðrún Arnardóttir söng inn á plötu. Lagið og textinn naut mikilla vinsælda enda kvað við nýjan tón í textagerð þar sem gamni og ádeilu var blandað saman. Þegar litlið er yfir textann löngu síðar er ljóst að hann hefur elst vel og einnig má heimfæra hann upp á fleira en höfundurinn hefur trúlega haft í huga. Þessar textalínur komu nefnilega í hugann þegar tíðindamaður heimsótti félagsstarfið á Aflagrandanum á dögunum.

Starfsdegi var að ljúka. Guðni Th. Jóhannesson hafði spjallað við gesti félagsstarfsins – trúlega um hluta af sögu Reykjavíkur og var með eina af bókum Eggerts heitins Þórs Bernharðssonar sagnfræðings fyrir framan sig á púltinu og unga dóttur sína á vinstri handleggnum. Kaffillmur var í loftinu og kökusneiðum brá fyrir á diskum. Félagsstarfið á Aflagranda er öflugt, margbreytilegt og öllum opið og leitast við að hafa eitthvað fyrir alla eins og segir í texta Ólafs Hauks. Vesturbæjarblaðið heimsótti þau Sigprúði Erlu Arnardóttur framkvæmdastjóra Vesturgarðs, Guðbjörgu Theresíu Einarisdóttur teymisstjóra á Aflagranda og Hörð Heiðar Guðbjörnsson verkefnisstjóra Vesturgarðs eftir innlitnið á Aflagrandu.

Sá misskilningur virðist stundum skjóta upp kollinum að félagsstarf á vegum Reykjavíkurborgar sé einkum eða jafnvel eingöngu ætlað heldri borgurum – fólki sem komið er að starfslokum eða á eftirlauna aldur. Þau segja þennan misskilning vera fyrir hendi og hann eigi sér ef til vill rætur í því að margir heldri borgarar



Sigprúður Erla framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar- og Miðborgar og Hlíða, Guðbjörg Theresía Einarisdóttir teymisstjóri á Aflagrandu 40 og Hörður Heiðar Guðbjörnsson verkefnastjóri Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar.

notfæri sér þetta starf. Yngra fólk sé almennt á vinnumarkaði og því oft öðrum störfum hlaðið yfir daginn. Engu að síður færast í vöxt að fólk af yngri kynslóðum láti sjá sig í félagsstarfinu og taki þátt í því sem verið er að gera. Í því sambandi megi nefna foreldra í fæðingarorlofi sem komi með börnin með sér og einnig fólk sem hugsanlega standi á milli starfa á vinnumarkaði. Aldrei sé nægilega á því hamrað að allir séu velkomnir burtséð frá aldri eða hver starfsæfi fólks sé eða hafi verið. Þarna blandi fólk af ólíkum gerðum geði og taki þátt í ýmsu starfi. Þó sé engin kvöð að taka þátt í starfinu sem slíku. Fólk geti líka komið til þess að fá sér kaffisopa, hitta mann og annan. Maður sé ætíð manns gaman.

Karlar loka sig frekar af en konur

Nokkuð hefur að undanförmu verið rætt um að fólk loki sig af á heimilum sínum þegar starfslokum er náð. Þetta eigi ekki síður við um karlmenn en konur. Þau Sigprúður Erla Guðbjörg Theresía og Hörður Heiðar taka undir að þetta sé til staðar. Trúlega eigi það sér rætur í þeirri samfélagsgerð og vinnuhefð sem var þegar karlinn var aðalstyrirvinna heimilanna og í raun mun samsamaðri vinnunni en síðar hefur orðið. Karlmennt hafi síður sér áhugamál utan vinnunnar og vinnufélaganna en konur og eigi sér því síður tengslanet þegar starfsdegi



lýkur. Þau segja nauðsynlegt að ná til sem flestra sem þannig sé ástatt með en bæta við að þetta geti alveg eins átt við um konur. Því sé nauðsynlegt að byggja félagsstarfið upp af fjölbreytni með því hugarfari að einum henti eitt en öðrum annað og leggja höfuðáherslu á að það sé öllum opið burt séð frá kyni, aldri, búsetu eða þjóðerni.

Hádegismaturinn vinsæll

Þau benda á að félagsstarfið sé tvíþætt að því leyti að fólk geti haldið utan um það sjálf



en einnig fengið stuðning. Oft sé því þannig farið að líðan fólks sé betri eftir því sem það er virkara í félagsstarfi. Og þetta snýst ekki aðeins um eldra fólk. Hópar nýbúa séu farnir að notfæra sér félagsstarf sem er í boði og einnig fólk sem á við sjúkdóma að stríða og sé jafnvel í endurhæfingu. Þau segja mikilvægt að passa upp á tengslanet fólks. Það sé mjög misjafnt. Margir tengist öðrum og séu í sambandi við annað fólk en hitt sé einnig til staðar að fólk lifi næstum eða algerlega einangrað og til þessa

„Sá misskilningur virðist stundum skjóta upp kollinum að félagsstarf á vegum Reykjavíkurborgar sé einkum eða jafnvel eingöngu ætlað heldri borgurum – fólki sem komið er að starfslokum eða á eftirlauna aldur.“

fólks vilji og þurfi félagsþjónustan að ná og hafrá eitthvað til þess að bjóða því. Þau segja að vinnustofan á Aflagrandanum dragi marga að og ekki síður karla en konur. Þeir hittist til dæmis í tálguninni vegna þess að sú iðja virðist höfða til margra þeirra. Einnig hefur verið boðið upp á fyrirlestra til þess að vinna gegn einsemd og gefa fólki kost á að opna sig og eiga félagsleg samskipti við aðra. Sigprúður Erla, Guðbjörg Theresía og Hörður Heiðar segja að geta boðið góðan heimilismat í hádeginu dragi



Þátttakendur og gestir hlíða á erindi Guðna Th. Jóhannessonar sagnfræðings í félagsstarfinu á Aflagrandu en Guðni kemur reglulega þangað og spjallar við fólkið.

NÝTT FRÁ ORA

Prófaðu síld í dillsósu og chilli síld

fæst í helstu verslunum



Frá Félagsstarfinu á Aflagranda.

marga að félagsstarfinu. Ekki síst fólk sem býi eitt í íbúð eða húsnæði og finnst þá ef til vill ekki taka því að elda almennilega ofan í sig. Körlunum þykir þetta mjög þægilegt enda sú kynslóð karlanna sem sé að fara á heldri aldur oft ekki nægilega góð í eldamenskunni sem helgist af öðru skipulagi og heimilishaldi á þeirra yngri árum. Aðspurð segja þau misjafnt hvernig fólk taki því að vera boðið að koma í félagsstarfið. Margir taki því vel og lagist fljótt að þjónustunni en öðrum finnst ef til vill að verið sé að skipta sér um of af því. Þetta fari eftir einstaklingum og gerð þeirra. Auk hins almenna félagsstarfs er búið upp á dagdeild fyrir aldraða – fólk sem á erfitt með að geta komið í almenna starfið eða að vera einir heima yfir daginn. Fóli er vísað þangað af læknum eða hjúkrunarstofnunum og sumir þurfa á aksturþjónustu að halda. Það er þó ekki fyrr en á efri hluta efri áraanna sem slíka kemur til því meðalaldur þess fólks er um 87 ár. Þetta er sérvalinn hópur og er starf með honum aðskilið frá hinu almenna og opna félagsstarfi.

Vorhátíð og kaffi með lostæti

En nánar að félagsstarfinu. Því sem er á dagskránni á næstunni en nú er sumrið fram undan og þá liggur þetta starf að mestu niðri. Við skulum byrja á að tala um vorhátíðina okkar, segja þau Sigprúður Erla, Guðbjörg Theresía og Hörður Heiðar. Hún verður föstudaginn 8. maí. Við höldum svona vorhátíð annað hvort ár og þar sýna þátttakendur meðal annars afurðir sínar – það sem þeir hafa verið að vinna í félagsstarfinu en þar fer ýmiskonar sköpun og handavinna fram ásamt öðru. Þau segja mikinn metnað lagðan í vorhátíðina og margir félagar í félagsstarfinu tjaldi þar til ýmsum merkilegum hlutum. Svo verðum við með kaffi á laugardeginum þeim 9. maí. Þar verður boðið upp á heimagerð meðlostæti eða eigum við að segja lostæti. Þau segjast alla vega geta lofað flottu kaffiboði þar sem allir eru velkomnir og þar verða flutt tónlistaratriði. Annað sem geta má um er sumargleðin á sumardaginn fyrsta og Vesturbæjarbiskupinn sem er skákmót sem haldið verður í Hagaskóla 7. maí. En að lokum vilja þau Sigprúður Erla, Guðbjörg Theresía og Hörður Heiðar minna



Um 80 íbúðir í Vesturbugt

Gert er ráð fyrir að hluti hinna nýju Reykjavíkurhúsa verið byggð við Vesturbugt en einnig á Kirkjusandi. Gert er ráð fyrir margbreytileika og hagstæðri félagslegri blöndun á báðum þessum byggingarreitum. Reykjavíkurborg stefnir að því að hluti húsnæðisins sem rís á reitunum verði félagslegt en að minnsta kosti 80 íbúðir munu verða í Vesturbugt undir merkjum Reykjavíkurhúsa.

Í Vesturbugt við gömlu höfnina er gert ráð fyrir að byggist upp 24 þúsund fermetrar af mannvirkjum á mjög eftirsóttum lóðum. Samkvæmt nýjum drögum að deiliskipulagi fyrir reitinn verða byggðar 165 íbúðir á reitnum sem skiptast í útsýnisíbúðir, almennar íbúðir og raðhús auk leikskóla. Af þessum íbúðum að minnsta kosti 80 íbúðir á vegum Félagsbústaða og samstarfsaðila undir merkjum Reykjavíkurhúsa en



Tölvuteikninga af fyrirhugaðri byggð í Vesturbugt.

meðalflatarmál íbúða í Vesturbugt með geymslu verður 78 fermetrar.

SUMARDAGURINN

HÁTÍÐ Í VESTURBÆ

FYRSTI

23. APRÍL 2015

Kl. 09:30 - 10:30 Bjartsýnisbusl í Vesturbæjarlaug í boði Neskirkju og Vesturbæjarlaugar

Kl. 11:00 Skrúðganga frá Melaskóla að Frostaskjól. Lúðrasveit Reykjavíkur og Ægisbúar leiða gönguna

Kl. 11:15 - 12:30 **Fjölskylduhátíð við Frostaskjól**
Skemmtidagskrá á plani við Frostaskjól

Kl. 11:15 Sverrir Bollason, formaður Hverfisráðs Vesturbæjar setur hátíðina

Kl. 11:15 Hjólaleikfélagið setur upp þrautabraut og sýnir hjólaleikni

Kl. 11:15 Dr. Bike, býður uppá hjólaskoðun til kl. 13:45

Kl. 11:20 Sigurvegari *Vesturbær got talent*, hæfileikakeppni Tíu12 starfs Frostaskjól, Sara Ísabel Gunnlaugsdóttir mun flytja lag

Kl. 11:30 Friðrik Dór tekur lagið

Kl. 11:30 Blaðrarinn, boðið uppá blöðrur í ýmsum figúrumyndum

Kl. 11:45 Ída Margrét Stefánsdóttir, Þorsteinn Bragi Gíslason og Ásdís Þóra Ágústsdóttir úr Tíu12 starfi Frostaskjól syngja frumsamið lag

Kl. 12:00 Trúðurinn Coco skemmtir

Kl. 12:20 Sigurvegari *Rófunnar*, söngkeppni Félagsmiðstöðvarinnar Frosta, Halla Sigríður Ragnarsdóttir, ásamt Steini Þorkelssyni, gítarleikara flytja lag

HOPPUKASTALAR - ÞRAUTABRAUTIR - VEITINGASALA - KANDÝFLOSS - KASSAKLIFUR

Kynnar: Halla Sigríður og Baldur Stefánsson



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Reykjavíkurborg
Þjónustumiðstöð Vesturbæjar

Byggt verður fyrir framan Héðinshúsið



Byggingarreiturn er fyrir miðri myndinni fyrir framan Héðinshúsið.

Búið er að bjóða byggingarrétt á fimm lóðum við Myrargötu og Seljaveg til sölu. Á lóðunum er heimilt að reisa allt að 1.440 fermetra fimm sambyggð hús.

Deiliskipulag gerir ráð fyrir að reist verði íbúðarhús við Myrargötu 27 og 29 og Seljaveg 1A og 1B en á hornlóðinni við Myrargötu 31 er gert ráð fyrir verslun eða þjónustu

á 1. hæð en íbúðum á efri hæðum. Reykjavíkurborg leitar eftir kautilboðum í byggingarréttinn að meðtöldum gatnagerðargjöldum og verður að bjóða í allar lóðirnar. Með þessu er ákveðið að byggt verður á reitnum fyrir framan Héðinshúsið við Seljaveg þar sem óhrjálegt hefur verið um að litast um langa hríð.

Fjórða græna skrefið handan við hornið hjá Vesturgarði

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar – Vesturgarður tók ákvörðun um að taka græn skref í átt að umhverfsvænni vinnustað haustið 2012. Sama ár var veitt viðurkenning fyrir fyrsta græna skrefið hjá starfsmönnum þjónustumiðstöðvarinnar.

Starfsmenn unnu markvisst að því að safna öllum grænu skrefunum, en þau eru fjögur talsins. Í janúar 2013 kom viðurkenning fyrir skref tvö í hús og með því sýndu starfsmenn Vesturgarðs að þeim væri alvara með að klára öll skrefin auk þess að sýna öðrum starfsmönnum borgarinnar að nú skyldi unnið af krafti í að klára þetta verkefni.

Viðurkenning fyrir þriðja græna skrefið var veitt í lok síðasta árs (2014) og teljum við að þekking starfsmanna á umhverfismálum sé meiri en áður. Fjórða skrefið er rétt handan við hornið en starfsmenn vilja halda áfram að gera enn betur í endurnýtingu og flokkun á komandi árum. Að



Á myndinni má sjá árangurinn sem náðst hefur í flokkun á rusli.

sjálfsögðu eru allir starfsmenn afar glaðir með þennan áfanga og skora á aðrar stofnanir innan borgarinnar að taka græn skref

og efla þannig umhverfisvitund starfsmanna borgarinnar.

Framkvæmdir að hefjast austan við Tollhúsið

Framkvæmdir eru nú að hefjast á Austurhafnarsvæðinu fyrir austan Tollhúsið. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi fyrir reitinn má byggja íbúðir og skrifstofuhúsnæði á reitnum, alls 21.400 fermetrar ofanjarðar.

Verslun og þjónusta er á jarðhæðum og má vera á neðstu tveimur hæðum. Göngugata verður í gegnum svæðið frá Lækjartorgi að Hörpu. Bílastæðakjallari verður undir reitnum og mun hann síðar tengjast bílakjallara undir reitum fimm og sex á Austurhafnarsvæðinu, hinum megin við Geirsgötu og bílakjallara Hörpu. Það eru Landstólpar sem annast framkvæmdina. Svæðið sem um ræðir er fyrir austan Tollhúsið en þar hafa verið 198 bílastæði. Bílastæðum bílastæðasjóðs á svæðinu verður því lokað frá og með fimmtudeginum 23. apríl. Framkvæmdaleyfi hefur verið veitt fyrir fornleifauppgreiftri á svæðinu. Að honum loknum mun reiturinn fara í uppbyggingu og byggjast upp á næstu þremur árum.

Svæðið afmarkast af Geirsgötu til norðurs, Kalkofnsvegi og Lækjargötu til austurs, Hafnarstræti til suðurs og Tollhúsinu til vesturs.



Hér má sjá hið nýja byggingarsvæði. Þar eru nú bílastæði sem verður lokað en bílastæðahús verður hluti af hinum fyrirhuguðu byggingum.

Frítt söluverðmat.

Reynsla og vönduð vinnubrögð.

Hringdu núna.

Davíð Ólafsson

Löggiltur fasteignasali

Sími: 897 1533

david@remax.is

RE/MAX
Alpha



Útfarar- og lögfræðisþjónusta

Önumst alla þætti þjónustunnar með virðingu og umhyggju að leiðarljósi



Elín Sigrún Jónsdóttir framkvæmdastjóri

Þorsteinn Elisson útfararþjónusta

Snævar Jón Andrésson útfararþjónusta

Hugrún Jónsdóttir útfararstjóri

Rósa Kristjánsdóttir útfararstjóri



Guðmundur Baldvínsson útfararþjónusta

Jón G. Bjarnason útfararþjónusta

Ellert Ingason útfararþjónusta

Katla Þorsteinsdóttir lögfræðisþjónusta

Gestur Hreinnsson útfararþjónusta

Við þjónum allan sólarhringinn

Vesturhlíð 2 - Fossvogi - Sími: 551 1266 - www.utfor.is



FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30



Mikill meirihluti vill sumarlokun bílaumferðar á Laugavegi

„Þessi tilraun til að gera Laugavegin mann- og vistvænni með hlutalokun fyrir bílaumferð yfir sumarið hefur staðið í fimm ár. Niðurstaða þjónustukönnunar staðfestir það sem við töldum okkur vita óformlega að á meðal borgarbúa ríki nokkuð almenn ánægja um þetta fyrirkomulag. Við erum þess þó meðvitaðir að nokkrir verslunarmenn við Laugaveg telja að lokunum dragi úr viðskiptum við götuna,“ segir Hjálmar Sveinsson borgarfulltrúi og formaður umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar í samtali við Vesturbæjarblaðið.

Samtök kaupmanna og fasteignaeigenda við Laugaveg eru ósátt við hugmyndir um að hluta Laugavegar verði lokað fyrir bílaumferð í fimm mánuði í sumar, frá 1. maí til 1. október. Í ályktun frá samtökunum segir að hafi áður bent á skaðleg áhrif lokunar á verslun við Íslendinga. Þá hafi samtökin kært fyrri ákvörðun borgarinnar um lokun til innanríkisráðuneytisins. Samtök kaupmanna og fasteignaeigenda við Laugaveg segja fráleitt að rétt sé um lokun áður en ráðuneytið hafi komist að niðurstöðu. Þá segir í ályktuninni að réttast sé að kaupmenn og eigendur atvinnuhúsnæðis á svæðinu greiði atkvæði um málið ef borgaryfirvöld hafi áhuga á lokun gatna.

Um 57% vilja sumarlokanir

Í þjónustukönnun kemur fram að um 75% borgarbúa eru ánægðir með sumarlokanir, 16% eru hvorki ánægðir né óánægðir og aðeins um 9% kváðust óánægðir sem eru mjög afgerandi niðurstöður. „Ég túlka þetta þannig að borgin sé á rétti leið en vissulega eru skiptar skoðanir um þetta á meðal kaupmann við Laugavegin. Yngri kaupmenn eru hlyntari lokuninni þótt þessi sjónarmið fari ekki alfarið eftir aldri. Ég stakk upp á því um daginn að taka aðeins stærra skref í ljósi fenginnar reynslu og niðurstöðu þjónustukönnunarinnar. Að lengja lokunartíma bílaumferðar í tímabilið frá fyrsta maí til fyrsta október. Hjálmar kveðst sjá þetta þannig fyrir sér að hafa þann hátt á næstu þrjú sumur að þeim tíma liðnum verði að veða og meta hvort þetta hafi tekist vel og ástæða gæti verið til að halda áfram með samskonar lokanir eða hvort ástæða sé til lengja bíllausu götuna og þá hugsanlega upp að Frakkastíg. Svo er hinn möguleikinn að eftir þrjú ár finnst fólki þetta fyrirkomulag ómögulegt þótt ég hafi ekki trú á að svo verði. Við erum að horfa til borga sem hafa metnað í borgarmálum til þess að skapa meira rými fyrir vegfarendur og gera götuna meira aðlaðandi. Í þessu sambandi er líka rétt að hafa í huga að gatan verður opin bílaumferð á morgnana – jafnvel til kl. 12 á hádegi og er þá einkum verið að hugsa um aðdrætti fyrir þá starfsemi sem er við þennan hluta Laugarvegjarins. Þá vil ég geta þess að séð verður til þess í náinni samvinnu við ferlinefnd og Öryrkjabandalagið að greiða fyrir aðgengi fatlaðra og bílastæðum fyrir hreyfihamlaða verður komið fyrir í tengslum við göngugötukaflann. Þá er einnig rétt um að takmarka ferðir rútbíla og maxitaxa þannig að settar verði þungatáknmarkanir á umferð slíkra bíla og þá miðað við þriggja til þriggja og

hálf tónna heildarþyngd. Akstur þeirra til og frá hótélum og gistiheimilum þar sem oft er verið að aka farþegum um mjög skammar

vegalengdir er farin að skapa veruleg vandamál í miðborginni,“ segir Hjálmar Sveinsson.



Gangandi vegfarendur á bíllausum hluta Laugavegs að sumarlagi.

Snjólaug Ólafsdóttir

Doktor í umhverfisverkfræði

VIRKAR fyrir mig

Get einbeitt mér allan daginn

„Ég byrjaði að nota Spirulina BLUE þegar ég var í krefjandi doktorsnámi. Ég fann strax að orkan jókst og varð jafnari yfir daginn. Einbeitingarskortur síðdegis hvarf og þar með jukust afköstin og úthaldið.

Þrátt fyrir aukna orku kom það hvorki niður á svefni né hvíld. Ég finn mikinn mun bæði í starfi og daglegu lífi og hef því haldið áfram að taka Lifestream Spirulina BLUE.“



Álag og streita

Lifestream Spirulina Blue er sérstaklega gott fyrir þá sem eru undir miklu streituálagi.* Gefur strax margfalt meira úthald og einbeitingu. Eflir skerpu, minni, andlegt jafnvægi og vellíðan. Lífrænt og styrkir ónæmiskerfið. Inniheldur 13 vítamín, 16 steinefni, GLA og Zeaxanthin sem styður augnheilsu við tölvuvinnu. Ríkt af járni og próteini.

*Ritryndar vísindarannsóknir.

Fæst í apótekum, Grænni heilsu, Krónunni, Hagkaup og Nettó.



lifestream
hrein lífræn næring



KOSMETIK
SNYRTISTOFA

Garðastræti 2
101 Reykjavík

Andlitsmeðferðir

Litun

Fótsnyrting

Handsnyrting

Vaxmeðferðir

Líkamsmeðferðir

Verzlun

Ný og glæsileg snyrtistofa hefur opnað við Garðastræti 2

Eigandi stofunnar Kosmetik er Kristín Björg Bergmann en hún hefur starfað við snyrtingu síðan 2009 bæði hér á Íslandi og í Noregi.

Unnið hefur verið að endurbótum á húsnæðinu síðan í janúar og var allt tekið í gegn gólf, veggir og fl.

Kristín segist mjög ánægð með útkomuna og horfir jákvæðum augum á framtíðina og þakkar hlýjar móttökur úr hverfinu.

Kosmetik Snyrtistofa býður uppá fjölbreytt úrval meðferða fyrir andlit, hendur, fætur og líkama.

Meðferðalista verð og annann fróðleik er hægt að nálgast á www.kosmetik.is og á Facebook www.facebook.com/kosmetiksnlyrtistofa

20% afsl er af öllum meðferðum fyrir eldri borgara mánud- til miðvikudaga og 10% afsl af öllum meðferðum alla daga gegn framvísun skólaskirteinis.

Tímamantanir eru í s: 571 7995 og 779 9995 er hægt að panta tíma á netinu á www.kosmetik.is.

Ekkert vitað um fyrirætlanir eigandans

„Ég tek undir með Gísla að það er slæmt að húsið skuli vera að grotna niður,“ segir Hjálmar Sveinsson formaður umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur í samtali við Vesturbæjarblaðið. Gísli Gíslason hafnarstjóri Faxaflóahafna lét þá skoðun í ljósi í síðasta tölublaði Vesturbæjarblaðsins að geymsluhús í eigu útvegsfélagsins Brims og stendur á Miðbakka Reykjavíkurhafnar lægi undir skemmdum og væri orðið lýti í umhverfinu vegna viðhaldsleysis.

Hjálmar segir húsið standa á skilgreindu hafnarsvæði og á yfirráðasvæði Faxaflóahafna. Því færi best á því að þar yrði einhver starfsemi sem tengdist sjávarútvegi, sjómennsku og hafnarlífi og mjög verðugt ef það fengi eitthvert slíkt hlutverk. Hjálmar segir að núverandi eigandi hafi verið með hugmyndir um hvort og hvernig væri hægt að þróa starfsemi sem tengdist fiskvinnslu og ferðapjónustu þótt ekkert hafi orðið úr því alla vega ekki enn sem komið er. Hjálmar kvaðst einnig vita til þess að áhugasamur hópur hafi verið að þróa hugmyndir um matarmarkað og litla veitingastaði eins og sjá má víða um Evrópu og gætu verið þarna á bakkanum en eiganda hússins hafi ekki hugnast þær og þar ekkert orðið úr þeim. Nú sé húsið algerlega vannýtt og ekkert vitað um fyrirætlanir



Ekkert er vitað um fyrirætlanir Brims um framtíð gamla, Ríkisskipahússins og síðar útveghúss Jóns Ásbjörnssonar á Miðbakkanum við Reykjavíkurhöfn.

eiganda þess sem sé slæmt fyrir í stúf við umhverfi sitt sökum þess sem sé slæmt fyrir viðhaldsleysis.

Geymið auglýsinguna

Falleg gólf

PARKET SÉRGREIN MÍN Í 30 ÁR
Parketlögn - parketslipun og viðgerðir

Við erum sérfræðingar á þessu sviði, hvort sem um er að ræða á einkaheimilum eða stærri einingum svo sem skólum stofnunum og eða íþróttahúsum. Parketslipun gömul gólf, sem verða sem ný eftir okkar meðhöndlun.

Okkar þjónusta, þinn ávinningur.
Förum hvert á land sem er. Þegar gæðin skipta máli

Falleg gólf ehf. • Nesbala 25 • 170 Seljarnarnes • gólfslipun@simnet.is • sími: 561 4207 • GSM: 898 1107

Eru tryggingarnar þínar í lagi?

VÍS



Kristinn Rúnar Kjartansson
kristinnk@vis.is
Sími 560 5155 | GSM 820 0762

Byð faglega tryggingaráðgjöf og tilboð í tryggingar fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki.

Það er mikilvægt að tryggingarnar séu í takt við þarfir þínar eða fyrirtækis þíns hverju sinni.

Hafðu samband og ég fer yfir málin með þér.

VÍS - þar sem tryggingar snúast um fólk

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST
Áratuga reynsla

Vaktsími:
581 3300 & 896 8242

www.utforin.is
Allan sólarhringinn

Sverrir Einarsson Kristín Ingólfssdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Eggs Benný
Morgunmatur „inn“
Önd og vaffla
Súrdeigs „toast“ og serrano
French toast
Pönnukökur og ber
Ekta belgísk vaffla

ÞÚ VERÐUR AÐ PRÓFA



HELGAR REMEDIÁN

BRUNCH - LAUGARDAGA
OG SUNNUDAGA FRÁ 11.30-14.00

APOTEK
KITCHEN + BAR

Austurstræti 16 // Sími 551 0011 // apotek.is

Sverrir Bollason formaður hverfisráðs Vesturbæjar:

Velferðarþjónusta fyrir alla

Velferð er leiðarstef í allri vinnu meirihlutans í Reykjavík enda stór hluti af þeirri þjónustu sem borgin veitir. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar er næststærsta svið borgarinnar og veitir tæpum 20 milljörðum króna árlega. Það segir sína sögu um hvaða áhrif borgarstjórn hefur á þennan málaflökk að þar fer annað stærsta svið borgarinnar. Skóla- og frístundasviðið er þó tvöfalt stærra að umfangi og kalla mætti almennan skóla og frístundastarf mikilvægustu velferðarþjónustuna því þar er öllum veitt tækifæri til að leggja grunn að velferð sinni til framtíðar. Af umræðunni að dæma mætti þó stundum halda að eina verkefni Borgarstjórnar væri skipulag borgarinnar og gatnaframkvæmdir.

Á síðastliðnu kjörtímabili átti ég sæti í velferðarráði Reykjavíkurborgar þar sem helstu ákvarðanir eru teknar og stefnan er mörkuð um velferðarmál borgarinnar. Óhjákvæmilega bera þá velferðarmál á góma á mannamótum, fólk er forvitið um störf og vill vita hvað þau fela í sér. Af þeirri reynslu varð ég þess áskynja að þessi stóri málaflökkur er ekki endilega svo vel kynntur og inniber svo breiða og fjölpætta þjónustu að mjög erfitt reynist að hafa góða yfirsýn. Margir hafa reynslu af velferðarþjónustunni en þekkja hana ekki endilega undir því nafni heldur frekar sem heimþjónusta eða húsaleigubætur svo algeng þjónusta sé nefnd. Nafnið velferðarþjónusta tengja fleiri, að minni reynslu, við fjárhagsaðstoð

og félagslegan stuðning við þá sem standa höllum fæti í samfélaginu. En þjónustan sem boðið er upp á er miklu fjölbreyttari og snertir mikinn fjölda, sér í lagi njóta fleiri þjónustunnar eftir því sem þeir eldast.

Hvað er velferð og fyrir hvern er hún?

Hugtakið velferð hefur í raun litast af sömu fordómum og lýst er að framan. Merking þess og skírskotun er þá orðin svo víð að upphafleg merking eða kjarni merkingarinnar er líklega ekki mjög skýr í hugum fólks. Hvað meinum við líka með "velferð"? Í þeim stjórn málaflökki þar sem ég starfa, Samfylkingunni verður fólk tífært um velferðarmál, það má segja að það sé kjarninn í öllu starfi flokksfólks. Ef það miðar ekki að almennri velferð með beinum eða óbeinum hætti er líklega betur heima setið en af stað farið. Og því er ég hjartanlega sammála og starfa því glaður með því góða fólk sem starfar í flokknum mínum. Ég hef þó stundum bent á að líklega sé erfitt að klifa á því að við berjumst fyrir velferð í okkar pólitík þegar fólk ýmist skilur ekki hugtakið eða hefur á því skilning sem er frábrugðinn því sem við meinum í lefni Samfylkingarinnar.

Velferðarþjónusta fyrir alla

Velferðarþjónustan í Reykjavík er ekki eingöngu afmörkuð fyrir einn hóp á grundvelli tekna eða félagslegrar stöðu, henni er ætlað að hjálpa öllum sem þess þurfa til



Sverrir Bollason.

að auka og viðhalda lífsgæðum. Fötlun eða öldrun spyr ekki að félagslegri stöðu eða hagsæld fyrir fram, en því miður hafa bæði fötlun og öldrun mikil neikvæð áhrif á efnahag og félagslega þátttöku. Eitt mikilvægasta hlutverk velferðarþjónustu að mínu mati er að sjá til þess að þau áhrif verði sem minnst; að allir geti haft sjálfstæðan fjárhag, tækifæri til að eiga samskipti og hafa áhrif á umhverfi sitt. Því miður er sá fjárhagsrammi sem ríkið setur velferðarþjónustu og almannatryggingum svo þröngur að oft þykir manni skömm að. En umræðan um það hversu miklu við viljum kosta til sem samfélag er æði oft yfirborðsleg og gjarnan fá önnur viðfangsefni ríkisrekstursins meiri athygli. Það væri vel þess virði að lyfta þeirri umræðu og leyfa kjósendum að spreyta sig á að ræða þessi mál við Alþingismenn með

kostnað og ábata fyrir hugunum. Af hverju veljum við eins og við gerum?

Þjónustan batnar heima

Undanfarnin ár hefur ýmis þjónusta sem ríkið veitti komið yfir til sveitarfélaganna. Grunnskólarnir sem áður voru undir Menntamálaráðuneytinu voru fluttir til sveitarfélaganna árið 1996. Þjónusta við fatlað fólk var flutt frá Ríki til sveitarfélaga 2011 og til umræðu hefur verið að þjónusta við aldraða fylltist til sveitarfélaganna en þar hefur þó að líkindum strandað á fullvissu um að þjónustan sem ríkið geri kröfu um sé veitt nú þegar og þar af leiðandi að fé til rekstrarins fylgi flutningi ábyrgðarinnar. Það má skilja reynslu þeirra sem til þekkja og betur en ég að þjónusta við fatlað fólk hafi í reynd kostað mun meira en látið var uppi þegar þjónustan var flutt og sveitarfélögin séu enn að borga brúsann af þeim viðskiptum við ríkið. Kannski er því ekki skrytið að illa gangi með flutning á þjónustu við eldri borgara. Almenn er samt reynslan sú eftir því sem ég fæ best séð að sveitarfélögin séu í betri tengslum við þarfir fólksins og veiti því betri þjónustu. Til dæmis myndu sveitarfélögin tæpast fara að bjóða upp á tvísetna skóla í dag.

Frá borgarstjórn til hverfamiðstöðva

En ef þjónustan batnar og kemst í betri tengsl við notendur þegar hún er flutt niður um stjórnsýsluprep

frá ríki til sveitarfélaga, er þá ekki líklegt að flutningur þjónustunnar frá borgarstjórn til hverfismiðstöðvar og hverfisráðs hefði sömu áhrif? Myndi það ekki auka enn á nálægðina og gefa sérfræðingum þjónustumiðstöðvarinnar fleiri tækifæri til að samþætta þjónustu og skipuleggja svo vel henti. Myndi það ekki gefa þverfaglegum hóp betri tækifæri til að fylgjast með og aðstoða skjólstæðinga velferðarþjónustunnar? Eða myndi það þýða að stærðahagkvæmninn sé fórn að og að minni einingar verði óburðugri til að takast á við flókin verkefni? Hvert hverfi Reykjavíkur að Kjalarnesi undanskildu myndi vera meðal stærstu sveitarfélaga landsins enda búa frá 9.000 í fámennustu hverfunum og allt að 20.000 í þeim fjölmennustu. Maður skyldi ætla að sveitarfélög sem um 10.000 íbúa geti vel sinnt skyldum sínum hví skyldu þá ekki hverfi af slíkri stærð ná að sinna þeim líka? En hugsanlega er myndin í þessum málum einnig skekkt því það er þekkt að til dæmis þjónusta við fatlaða er hlutfallslega miklu meiri í Reykjavík en annars staðar, þeir sem þurfa á sérhæfðri þjónustu að halda leita til höfuðborgarinnar til að fá þá úrlausn sinna mála. Hugsanlega ætti því að taka eitt skref í öfuga átt og binda sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins sterkari böndum um að veita tiltekna þjónustu án tillits til sveitarfélagamarka eða þarf einhverja blöndu af hverfavæðingu og samræmdri stjórnun á öllu höfuðborgarsvæðinu? Hvað sem verður er nauðsynlegt að taka ítarlega umræðu fyrir fram um hvernig við teljum að við getum best aukin velferð okkar með sem hagkvæmustum og skilvirkustum hætti án þess að fórná nánd og áhrifum nærumhverfisins.

Sverrir Bollason.
Formaður hverfisráðs Vesturbæjar.



Korilmun í lofti!



ILMVATN SEM GEFUR!

Ekta lífrænt og franskt. Gefur en tekur ekki. Byggir á blómadropafræðum Dr. Bach læknis.



JURTIR GEGN STREITU!

Burnirót, Schisandra, Adaptogen. 20% afsláttur til 10. maí. Vegan, án auka- og fylliefna og virka. Ps: Þetta eru jurtirnar sem jógarinnir elska.



Í TILEFNI SUMARKOMU:

Lífrænir & smart/jóga/þæginda bolir á 15-25% afslætti til 4. maí. Sterk, lífræn og dásamleg "Fair Trade" bómull. Engri lík.



Definitely worth a visit!
- Grapevine apríl 2015

ÓMÓTSTÆÐILEGT SYSTRA GÓÐGÆTI!

LÍFRÆNT KAFFI m/
LÍFRÆNNI BÍÓBÚMJÓLK eða
INDÍGÓKAFFI?

Eða má bjóða þér næringarríkan
ÞEYTING, croissant, súrdeigssamloku,
glútenlaust, "vegan" skot,
chiagrauta, heilsubita, kökur, súpu.
Innihaldsríkt góðgæti í stöðugri þróun!

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI

Fyrir neðan sundlauginu og World Class.
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:

Virkir dagar 8:30 - 18
Laugardagar 10 - 16

Er um vel búin fyrir doktorsnám í tónlist hér á landi

Nýlega var efnt til stofnunar Tónlistarakademíu Íslands, en það er félag fólks sem lokið hefur doktorsnámi í tónlist. Í þessum hóp er að finna marga af fremstu sérfræðingum landsins á sviði tónlistar og þann mannauð sem í honum liggur ásamt þeim tækifærum sem í honum felast fyrir íslenskt háskóla- og rannsóknarsamfélag og menningarlífs til framtíðar. Skerfirðingurinn Nína Margrét Grímsdóttir er formaður hinnar nýstofnuðu Tónlistarakademíu. Hún segir í samtali við Vesturbæjarblaðið að eitt af helstu markmiðum akademíunnar sé undirbúningur að stofnun doktorsnáms í tónlist hér á landi en framhaldsnám á doktorsstigi í tónlist hefur hingað til þurft að sækja til útlanda.

„Við gengum frá stofnun Tónlistarakademíunnar í október en þá voru liðin sextíu ár frá því að Hallgrímur Helgason útskrifaðist með doktorsprófi í tónlist fyrstur Íslendinga. Í Tónlistarakademíu Íslands eru meirihluti allra íslenskra doktora í tónlist, sem útskrifast hafa frá erlendum háskólum á undanföllum tuttugu árum, fullgildir meðlimir. Nú þegar hafa um 30 manns lokið doktorsprófi á tónlistarsviði og því er að finna fjölbreytt fagsvið innan tónlistar og breidd háskólamenntunar í alþjóðlegu samhengi auk víðtækrar kennslureynslu á háskólastigi og einnig neðri stigum náms,“ segir Nína Margrét.

Tímabært að stofna faghóp

„Ég held að alveg hafi verið tímabært að stofna þennan faghóp og taka stefnuna á að fólk geti lokið doktorsnámi í tónlist hér á landi eins og í mörgum öðrum fræðum. Farið er að krefjast doktorsprófs þegar fólk sækir um stöður í tónlistarkennslu á háskólastigi og því eðlilegt að fólk geti sótt nauðsynlega menntun hér heima. Af þessum u.þ.b. 30 sem lokið hafa doktorsnámi í tónlist frá því Hallgrímur Helgason lauk sínu

námi eru fjórir látnir en stöðugt bætast nýir í hópinn og má geta þess að tveir luku slíku námi á síðasta ári. Auk þess að stuðla að því að hægt verði ljúka doktorsnámi í tónlist hér á landi er það markmið Tónlistarakademíunnar að efla tónlistarnám á háskólastigi og stuðla að rannsóknum á tónlist og tónlistartengdum greinum við háskóla.“

Listgreinarnar tengjast saman

Nína Margrét bendir á hversu miðlæg tónlistin er – trúlega miðlægust þeirra listgreina sem við þekkjum. Í dag hafi ýmsar tegundir tónlistar tengst en áður hafi þær verið nokkuð aðgreindar og ekki farið mikið inn á svið hverrar annarrar. Þá kallist tónlistin meira á við aðrar listgreinar – til dæmis kvikmyndagerð og leiklist og myndlistin komi nú meira inn í þessa samvinnu en áður. Kvikmyndatónlist hafi lengi verið þekkt en nú sé leiksýning tæpast sett á svið án tónlistar. „Á sama hátt hefur hin klassíska tónlist tengst dægurtónlistinni meira með ýmsu móti. Klassísk verk eru flutt í nýjum búningi sem er ættaður frá ýmsum tegundum dægurtónlistar eins og dægurtónverkum er oft fundinn staður í klassískum búningi. Við erum ekki lengur óvön því að heyra símfóníuhljómsveitir bregða sér í léttari búning og spila dægurperlur eða rokkara og rappara nýta sér klassísk stef í tónlistarsköpun sinni.“ Nína Margrét segir að „músiktherapí“ sé einnig stór þáttur í tónlistinni. Nú hafi komið í ljós að tónlistin geti verið öflugt tæki og stundum það eina sem ná til sjúklinga með tiltekna sjúkdóma og nefnir Parkinson sjúkdóm sem dæmi um það. „Við vitum enn of lítið um þau áhrif sem tónlist getur haft á fólk. Þegar ég var við nám í London var farið að fjalla um tengsl tónlistar og gervigreindar og tónlistin tengist þannig ekki neinum einum armi víkinganna. Hún kemur víðar við sögu – til dæmis bæði á sviði heilbrigðis- og menntavísinda.“

Er um vel undir doktorsnám búin

Nína Margrét bendir á þann góða grunn sem tónlistarmenntun stendur á þrátt fyrir skamma sögu hennar hér á landi. „Aðeins eru 175 ár eru frá því fyrsta orgelið kom í Dómkirkjuna þegar dómorganistinn Pétur Guðjohnsen bað um hljóðfæri árið 1840. Nokkru síðar eða frá því um 1845 eru heimildir úr dagbókarfærslu austurrískrar ferðakonu Idu Pfeiffer um tónlistarflutning í Hafnarfirði þar sem leikin hafi verið lög Franz List á flýgil. Svo verður að nefna Sveinbjörn Sveinbjörnsson. Hann ólst upp á menningarheimili og foreldrar hans sendu hann í tónlistarnám og fór hann síðar erlendis í nám til Kaupmannahafnar og Leipzig. Páll Ísólffson lærði að spila á harmoninum í föðurhúsum á Stokkseyri og heyrði leikið á píanó í Húsinu á Eyrarbakka. Hæfileikar þessara



Nína Margrét Grímsdóttir formaður hinnar nýstofnuðu Tónlistarakademíu.

manna og námsferill skilaði sér hingað heim svo um munaði og fleiri mætti nefna sem byggðu þennan grunn. Um 1920 er vitað um vísi að klassískum tónleikum í Reykjavík og áratug síðar tekur Tónlistarskólinn í Reykjavík til starfa. Við þekkjum líka flest til tónlistarskólanna og því sem þeir hafa áorkað í gegnum tíðina. Þeir undirbyggja tónlistarmeninguna og veita fólk tilsögn, þekkingu og færni. Þeir skólar sem lengst hafa sinnt efri stigum tónlistarnáms eru Tónlistarskólinn í Reykjavík frá 1930, Söngskólinn í Reykjavík frá 1973 og tónlistardeild Listaháskólans frá árinu 2001. Söngskólinn byggir á enska kerfinu og

hefur fengið prófdómara erlendis frá um árabil.“ Nína Margrét segir að við stöndum nokkuð vel að vígi að þessu leyti. „Við erum með þessa hefð sem hefur skapast á innan við tveimur öldum og að miklu leyti á einni öld. Við erum um eitt prósent af þjóðinni sem höfum lokið doktorsnámi í tónlist og getum eignum að miðla af þeirri þekkingu sem við höfum safnað saman. Þess vegna erum við að stofna þessi samtök til þess að samnýta krafta okkur og markmiðið er að ýta úr vör doktorsnámi fyrir tónlistarfólk hér á landi. Við erum vel undir það búin.“

VESTURBÆJAR BISKUPINN

SKÁKMÓT Í HAGASKÓLA

Fimmtudaginn 7.maí - 2015 - kl. 14.30

Skipt verður í þrjú aldursflokka:

1. - 3. bekkur
4. - 7. bekkur
8. - 10. bekkur

Skráning fer fram á skak.is frá og með 1.maí og lýkur á miðnætti 5.maí 2015.

Tefldar verða 6 umferðir.
Umhugsunartími er 7 mínútur.

Verðlaun verða veitt fyrir þrjú efstu sætin í hverjum flokki fyrir sig.

Farandbikar er veittur þeim skóla sem að sendir flesta keppendur.

Styrktaraðilar:

við hreinsum fyrir þig

Alhliða fatahreinsun og þvottahús síðan 1966

HRAÐI fatahreinsun
Ægisíðu 115 - Sími 552 4900
hradi@fatahreinsun.is
www.fatahreinsun.is

Nýtt öflugt sameinað útibú á Granda

Í maí munu útibú Íslandsbanka í Lækjargötu og Eiðistorgi sameinast í nýtt útibú á Fiskislóð 10 á Granda. Þar verður starfrækt öflugt og stórt útibú þar sem áhersla verður lögð á fjármálaþjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Rík áhersla verður á fræðslu og ráðgjöf til viðskiptavina.

Hönnun og virkni útíbúsins á Granda mun taka mið af breyttum áherslum í þjónustu. „Þróun viðskiptabanka út um allan heim er í þá átt að þjónusta í útibúum snýst í auknum mæli um ráðgjöf og minna um einfaldari færslur sem viðskiptavinir hafa nú aukið val um að framkvæma sjálfir með öðrum leiðum, t.a.m. í netbanka, appi og hraðbók-um. Það hefur sýnt sig að stærri, hagkvæmari og öflugri útibú auka getu bankans til að veita sérhæfða og öfluga þjónustu“, segir Gísli Elvar Halldórsson, nýr útíbússtjóri sameinaðs útíbús.

Reikningsnúmer viðskiptavina verða óbreytt við sameininguna. Þá munu hraðbankar verða bæði í Lækjargötu og Eiðistorgi fyrst um sinn.

Útibúið þátttakandi í samfélaginu

Sameinað útibú mun þjóna sama svæði og núverandi útibú hafa þjónustað hingað til. Við val á staðsetningu var litið til aðgengis viðskiptavina en útibúið liggur nálægt stórum umferðaræðum.



Gísli Elvar Halldórsson, nýr útíbússtjóri sameinaðs útíbús Íslandsbanka.

Þá er aðgengið að nýja útibúinu til fyrirmyndar en þar eru næg bílastæði auk þess sem aðgengi er gott fyrir þá sem eru í hjólastólum.



Nýtt útibú Íslandsbanka á Granda.

Verslun og þjónusta við íbúa í vesturhluta Reykjavíkur og Seltjarnarnes hefur verið að færast út á Granda síðastliðin ár. „Við viljum vera þátttakendur í þessari skemmtilegu og orkumiklu uppbyggingu sem er að eiga sér stað á þessu svæði“, segir Gísli Elvar.

Áhersla á fræðslu og tengsl við umhverfið

Íslandsbanki leggur ríka áherslu á fræðslu til að auðvelda viðskiptavininum sínum að taka upplýstar ákvarðanir í fjármálum sínum. Nú þegar liggur fyrir skipulögð fræðsluáætlun fyrir útibúið. „Sérfræðingar frá hinum ýmsu einingum bankans munu koma og taka þátt í þessu starfi með okkur. Boðið verður upp á fræðslu bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki,“ segir Gísli Elvar. Hönnun nýs útíbús gefur einnig möguleika á að nýta það fyrir kynningar fyrirtækja og félagasamtaka

og getur útibúið þannig tengst nærsamfélagi sínu með ápreiðanlegri hætti. Gísli Elvar bendir á að í maí og júní verði t.a.m. kynningar tenglar Sjávarklasans í tengslum við Sjómannadaginn og Hátíð hafins.

Öflugur hópur reynslumikilla starfsmanna

Alls verða 23 starfsmenn í hinu sameinaða útibú og mörg kunnuleg andlit frá báðum útibúum.

Sem fyrr segir mun Gísli Elvar verða útíbússtjóri. Viðskiptastóri einstaklinga verður Hanna Dóra Jóhannesdóttir og viðskiptastjóri fyrirtækja verður Hörður Harðarson. Allir starfsmennirnir búa yfir mikilli þekkingu og reynslu af fjármálaþjónustu. „Við hvetjum viðskiptavinum okkar að heimsækja okkur í nýtt útibú. Við munum nú sem áður fyrir kappkosta að veita persónulega og góða þjónustu“, segir Gísli Elvar að lokum.

Þú finnur kraftinn.

MEÐ TUDOR

Eitt mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja.
Mælum • skiptum um • traust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

Bildshöfða 12 · 110 RVK · 577 1515 · www.skorri.is

SKORRI
TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR



Grillið
Á HÓTEL SÖGU

Ert þú að útskrifast?

Grillið er frábær staður til að koma saman og fagna tímamótum. Ótrúlegt útsýni og einstakur matur gerir kvöldið ógleymanlegt.

Á Grillinu leikum við okkur með léttar og nútímalegar útfærslur þar sem bragðsamsetningar, sköpunargleði og metnaður njóta sín.

Happy Hour á Astrabar kl. 17.00-18.00



iKort – greiðslukortið sem er ótengt bankakerfinu

iKort er alþjóðlegt Mastercard inneignar kreditkort. Að sögn Guðbjargar Daggar Snjólfisdóttur þjónustustjóra hjá iKort hefur kortið verið í umferð á Íslandi í á annað ár og fengið mjög góða viðtökur.

Hægt er að fá tvær gerðir af iKortum. Annars vegar ópersónugert iKort (iKort án nafns) og hins vegar persónugert iKort (iKort með nafni). Ópersónugerðu kortin eru tilbúin til afgreiðslu samstundis og um leið og búið er að virkja kortið er það tilbúið til notkunar. Persónugerðu kortin eru hefðbundnari útlits, með nafninu á. Persónugerðu kortin eru útbúin í London og það tekur að jafnaði um 10 virka daga að fá þannig kort. Einungis er um útlitsmun á kortunum að ræða, notkunarmöguleikarnir eru þeir sömu.

Kostir iKorts

Þú þarft ekki að vera með bankareikning. Þú getur fengið kortið strax og enginn annar en þú hefur aðgang að kortaupplýsingum þínum. Þú hefur góða yfirsýn yfir fjármálin og þarft ekki að hafa áhyggjur af kortareikningi um hver mánaðamót.

iKort fæst á Pósthúsum um allt land

Auðvelt er að sækja um iKort á www.ikort.is en auk þess er hægt að nálgast ópersónugerðu kort á Pósthúsum um allt land. Á Pósthúsum er einnig hægt að hlaða peningum inn á kortið.

Helsti munurinn á iKorti og öðrum debet- og kreditkortum

iKort er endurhlaðanlegt alþjóðlegt rafeyriskort. Í hvert



sinn sem iKort er notað er andvirði viðskiptanna dregið frá inneign kortsins. iKorti fylgir ekki yfirdráttur og því verður að hlaða kortið með nægri inneign áður en það er notað. Þannig er tryggt að þú eyðir ekki meiru en þú átt. Örgjörvinn í iKortum heldur alltaf utan um rétta stöðu.

Hægt er að nota iKort hvar sem er í heiminum

Hægt er að nota kortið hvar sem er erlendis. Tekið er við MasterCard kortum á yfir 32 milljón stöðum um allan heim, allsstaðar þar sem þú sérð MasterCard merkið er hægt að nota iKort, þar með talið til í hraðbönkum og á netinu.



Hagkvæmt að senda peninga til vina og vandamanna erlendis

Kortið er einkar hentugt fyrir þá sem vilja senda peninga til vina og ættingja sem eru búsettir erlendis. Í staðinn fyrir að þurfa að millifæra af íslenskum bankareikningi inn á erlendan bankareikning er hægt að hlaða kortið beint í íslenskum heimabanka og peningurinn er kominn samstundis inn á kortið. Hefðbundnum millifærslum á milli landa fylgir kostnaður og eins tekur nokkra daga fyrir peninginn að berast. Hver sem er getur lagt inn á kortið og þegar iKort er hlaðið er ekki um neinn kostnað eða biðtíma að ræða.

MATUR OG VÍN:

Okkur finnst vel við hæfi að tileinka þáttinn „Matur & vín“ hinum frábæra fiski sem við Íslendingar eigum og bestur er hann á vetrarvertíðinni.

Hafið fiskverslun er sérværslun með hágæða fiskafurðir og meðlæti fyrir kröfuharða neytendur.

Fiskborðin eru þéttsetin af landsins mesta úrvali af tilbúnum fiskréttum til að ofnbaka, steikja eða grilla sem gerir viðskiptavinum kleift að elda dýrindis máltíð á nokkrum mínutum án nokkurar fyrirhafnar.

Réttur mánaðarins er frá Fiskbúðinni Hafinu, sem er staðsett á tveimur stöðum Hlíðasmára 8, Kópavogi og Spönginni 13, Rvk.



Keila á Gríska vegu með, perlulauk, fetaost, döðlum og spínati

Réttur þessi fæst tilbúinn hjá Fiskbúðinni Hafinu, hann má fara í ofn á 180 gráðum í um 20 – 25 mín.



Við mælum með eftirfarandi víni við þennan rétt:

Mamma Piccini Bianco di Toscana – Ítalía, Toscana - 1.550 kr.
Sitrónugult.
Létt fylling, þurr, ferskt.
Ljós ávöxtur, sítrus, steinefni.

Matua Sauvignon Blanc – Nýja Sjáland - 2.299 kr.
Fölsitrónugult.
Meðalfylling, ósætt, fersk sýra.
Sitrus, stíkilsber, passjón.

Hótel byggt á Hörpureitnum

Framkvæmdir við hótél á Hörpureit hefjast í haust. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir geti hafist næsta haust og að fimm stjörnu hótél verði opnað vorið 2018. Það er bandaríska fasteignafélagið Carpenter & Company sem kaupir byggingaréttinn af fyrri eigendum og verður leiðandi fjárfestir í verkefninu, sem jafnframt mun fela í sér fjárfestingartækifæri fyrir innlenda fjárfesta.

Carpenter mun reisa 250 herbergja fimm stjörnu hótél á lóðinni og í framhaldinu fela rekstur þess í hendur leiðandi alþjóðlegs hótélrekstaraðila. Samingar um slíkt eru á lokastigi og mun fljótlega verða tilkynnt um niðurstöðu þess ferlis. Hótelið mun jafnframt hafa að geyma veislu- og fundarsali, fjölda veitingastaða auk heilsulindar. Hugmyndir um hótélbyggingu vestan við Hörpu á sér nokkuð langa sögu, en fyrir hrun 2008 var farið að athuga um hvort unnt væri að byggja hótél á þessu landi en eins og kunnugt er hafa endanlegar ákvarðanir ekki verið teknar fyrr en nú með tilkomu Carpenter & Company.

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegs sumars og þökkum viðskiptin í vetur.

Reykjavík  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

VOR Í VESTURBÆNUM

Vorhátíð

Félagsmiðstöðvarinnar Aflagranda 40

verður haldin

8. maí kl. 13 - 17

9. maí kl. 13 - 17

11. maí kl. 9 - 16

Listmunasýningar í vinnustofunum og skemmtanir í tilefni vorkomunnar

Hátíðaveitingar í kaffiteríunni

Kæru Vesturbæingar!

Notið tækifærið, komið og njótið gleðinnar með okkur

Allar kynslóðir eiga hér saman gæðastundir

Gleðilegt Sumar!

Opið ALLA daga, aldrei löng bið!

rainx

Löður



Þegar þú ferð í gegnum Löður fær bíllinn þinn sérvalin efni sem hafa mikilvægu hlutverki að gegna fyrir útlit, endingu og öryggi bílsins.

Þau gera hann tandurhreinan og minnka þar af leiðandi eldsneytiseyðslu. Einnig vernda þau lakkid á bílnum, sporna við ryðmyndun og veita fullkomna yfirborðsvörn.

Rain-X hrindir frá sér vatni, ryki, skít, flugum, tjöru og öllu því sem við viljum ekki að festist á bílnum.

Löður · hreinlega allstaðar!

www.lodur.is | 568 0000

- Opið Sumardaginn fyrsta frá 8-19
- Gleðilegt sumar!

Strætó í Vesturbænum

... hvernig myndum við vilja sjá þjónustuna?

Það er einkenni á svo gamalli byggð sem Vesturbænum að þjónusta og starfsemi hefur byggst upp yfir langan tíma og er því víða um hverfið. Það getur kallað á mikil ferðalög fyrir litla fætur til að komast í ípróttir og aðrar tómstundir eða það sem verra er, skul foreldra um hverfið.

Strætókerfi Vesturbæjarins hefur oft verið betra. Í gamla Vesturbæ má eiginlega kalla þjónustu Strætó lélega því hann ekur bara með útjatri hverfisins sem þýðir að vegalengdin

að biðstöðvum er löng og óaðlaðandi. Tengingar innan hverfisins yfir Hringbraut nýtast ekki sem skyldi. Vandinn er sá að leiðirnar eru hugsaðar fremur til að komast út úr hverfinu en innan þess. Það er líka mikilvægt en ekki það eina sem er mikilvægt. Vesturbærinn er það hverfi borgarinnar þar sem samgöngumátar eru einna fjölbreyttastir og telja má að foreldrar og börn hér í hverfinu væru móttækilegri en víða til að tileinka sér notkun strætó til daglegra ferða.

Eitthvað af akstrinum í dag er leyst

með frístundaráttu KR sem styttr leiðina milli skóla og Frostaskjól. En það mætti kalla það neyðarbrauð því það hlýtur að vera takmarkið að hafa góðar almenningsamgöngur í hverfinu sem allur almenningur getur nýtt sér. Því samþykkti hverfisráð Vesturbæjar á síðasta fundi sínum

að efna til samtals um það hvernig megi bæta þjónustu Strætó í hverfinu svo ungmenni og aðrir sem eru mest á ferðinni um miðjan daginn á leið í félagsstarf og tómstundir geti betur nýtt sér strætisvagnakerfið. Endilega sendið mér því línu með ykkar ábendingum um það hvaða staði sé mikilvægt að tengja saman, hversu tíður aksturinn þyrfti að vera og fleira sem þið teljið áriðandi svo þjónustan nýtist sem skyldi. Endilega látið fylgja upplýsingar um ykkar hagi svo sem fjölda barna á heimilinu, hvort þið notið sjálf strætó og slíkt, ef vill. Við munum einnig efna til umræðu

á samfélagsmiðlum sem vonandi verður fólki hvatning til að senda mér ábendingu um það hvernig það vill sjá akstur Strætó um Vesturbæinn þróast. Hverfisráðið mun síðar standa fyrir íbúafundi um þessi mál og safna þar enn frekar í sarpinn. Þá verður efnt til frekara samtals við þá sem skipuleggja ungmennastarf í hverfinu um þeirra áherslur. Að lokum verður stjórn Strætó bs. send skýrsla hverfisráðs með tillögu að nýrri strætisvagnleið um hverfið. Verum í sambandi.

Sverrir Bollason



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

Átt þú gamalt hús sem þarf að gera við - hvar á að byrja?



Fræðslustofa um viðhald og viðgerðir eldri húsa.

Ókeypis ráðgjöf í Árbæjarsafni miðvikudaga kl. 15 - 17 og á sama tíma í síma 411 6333.

HÚSVERNDARSTOFA



Umferð hunda og katta 2015



Öll umferð hunda bönnuð frá 1. maí til 15. júlí.

Öll umferð fólks bönnuð frá 1. maí til 15. júlí.

Hundabann gildir allt árið í Gróttu.

Orðsending til hunda- og kattaeigenda

Af gefnu tilefni vill umhverfisnefnd ítreka að frá og með 1. maí til 15. júlí er með öllu óheimilt að vera með hunda á þeim svæðum sem tilgreind eru á þessu korti. Kattaeigendur eru hvattir til að setja á þá bjöllu og halda þeim frá þessum svæðum sé þess nokkur kostur. Þetta er vegna varpfugla.

Hundabann gildir í Gróttu allt árið.

LAUSAGANGA HUNDA ER BÖNNUÐ Á SELTJARNARNESI



Umhverfisnefnd Seltjarnarness

Endurvinnslan hefur opnað vélvædda flöskumóttöku við Ánanaust.

Endurvinnslan hefur í samstarfi við SORPU opnað vélvædda flöskumóttöku á endurvinnslustöð SORPU við Ánanaust. Með nýjum vélarkosti geta viðskiptavinir skilað heilum umbúðum án þess að þurfa að telja og flokka þær. Beyglaðar umbúðir þarf þó áfram að telja og flokka.



Flöskumóttaka
Endurvinnslan

KR vann fyrsta leikinn í úrslitaviðureigninni

KR og Tindastóll mættust í fyrsta leik liðanna um Íslandsmeistaratitil karla í körfuknattleik í DHL-höllinni í Frostaskjóli og tók KR forystuna 1:0 í rímmunni. KR vann stórsigur 94:74 og var yfir að loknum fyrri hálfleik 51:31. Vinna þarf þrjá leiki til að verða Íslandsmeistari og fer sá næsti fram á Króknum á fimmtudaginn.

Fyrsti leikhluti virtist reyndar lofa góðu en KR-ingar voru miklu betri í öðrum leikhluta og komu sér þá upp forskoti sem Sauðkrækingar voru satt að segja aldrei líklegir til að brúa. Um tíma í síðari hálfleik munaði þrjátíu stigum á liðunum og Tindastóli tókst aldrei að gera leikinn spennandi. Stólarnir léku án Bandaríkjamannsins Myrons Dempsey sem meiddist á æfingu.

Brynjar Þór Björnsson var í miklu stuði hjá KR og fleiri léku vel hjá meisturunum. Má þar nefna Michael Craion, Helga Má Magnússon og Darra Hilmarsson.

KR hafnaði í efsta sæti í deildakeppninni og á því heimaleikjaréttinn. KR vann Grindavík 3:0 í átta liða úrslitum og Njarðvík 3:2 í



Brynjar Þór Björnsson í baráttu við leikmenn Tindastóls. Brynjar var frábær í fyrsta leiknum gegn Tindastól.

undanúrslitum eftir æsilega rímmu. Tindastóll hafnaði í öðru sæti í deildakeppninni. Tindastóll vann Þór frá Þorlákshöfn 3:0 í átta liða úrslitum og Hauka 3:1 í undanúrslitum.

KR mætir Tindastóli í annari

viðureign liðina á fimmtudaginn 23. apríl og svo verður þriðji leikur liðanna í Frostaskjóli á sunnudaginn 26. apríl kl. 19:30. Ef til þarf leika liðin 29. apríl og 2. maí.

KR-SÍÐAN



A-lið KR hafnaði í 2. sæti í 1. deild karla

A-lið KR hafnaði í 2. sæti í 1. deild karla í borðtennis eftir 1-4 tap gegn A-liði Vikings í Íþróttahúsi Hagaskóla að kvöldi 20. apríl.

Víkingar sigruðu því í einvíginu 2-0 og eru Íslandsmeistarar fjórða árið í röð.

Í leiknum 20. apríl urðu úrslit þessi:

Pétur Gunnarsson – Daði Freyr

Guðmundsson 1-3

Kári Mímísson – Magnús Finnur Magnússon 3-1

Pétur Marteinn Tómasson – Magnús K. Magnússon 0-3

Kári/Pétur Marteinn – Daði/Magnús Kristinn 0-3

Kári Mímísson - Daði Freyr Guðmundsson 2-3



Sími: 588 9705

www.skautaholl.is

Opnunartímar:

Mánud. Þriðjud og Miðvikud.
12:00 til 15:00

Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30

Föstudaga
13:00 til 19:30

Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00

Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00



HERRAKVÖLD

FIMMTUDAGINN 30. APRÍL

Á HÓTEL SÖGU

HÚSIÐ OPNAR KL. 19:30

MÍÐAVERÐ 6.500 kr.

MATSEÐILL

SJÁVARRÉTTASÚPA, HUNANGS- OG
KRYDDJURTAGLÁÐ FJALLALAMB ÁSAMT MEÐLÆTI

ÁRGANGAMÓT KL. 16:00

Á KR GERVIGRASINU

SKRÁNING: einarbaldvin@bbalegal.is

MÍÐASALA Í KR-HEIMILINU



GETRAUNANÚMER

KR ER 107



Rauda Ljónið
síðan 1989

HEITUR MATUR
Í HÁDEGINU
OG Á KVÖLDIN

TAKTU MEÐ

eda

BORÐAÐU Á STAÐNUM

Alvöru matur

Coca-Cola



Við flytjum á Granda 11. maí

Útibú Íslandsbanka við Lækjargötu og á Eiðistorgi verða sameinuð í nýtt og glæsilegt útibú sem verður opnað þann 11. maí nk. að Fiskislóð 10.

Skemmtilegt svæði í örum vexti

Mikil uppbygging er á Grandasvæðinu í atvinnulífi, þjónustu og verslun. Mjög gott aðgengi verður fyrir viðskiptavinum bankans og fjöldi bílastæða.

Þekking og reynsla

Mörg kunnugleg andlit frá báðum útibúum taka á móti viðskiptavinum. Aðstaðan verður öll hin glæsilegasta og alltaf heitt á könnunni.

Hraðbanki verður áfram staðsettur á Eiðistorgi og nálægt núverandi útibúi í miðbæ.

Nánari upplýsingar á islandsbanki.is/grandi

Við hlökkum til að sjá þig á Granda.

Starfsfólk Íslandsbanka á Eiðistorgi og í Lækjargötu

